Sustainability Policy of Primex ehf.

Sjálfbærnistefna Primex ehf.

Icelandic (Original)

Útgefið: 24. janúar 2025

SJÁLFBÆRNISTEFNA PRIMEX EHF.

Tilgangur
Tilgangur þessarar sjálfbærnistefnu er að vera vegvísir að sjálfbærari rekstri hjá Primexi ehf. („félagið“).

Stefnan tekur til mikilvægustu umhverfis- og loftslagsáhrifa, félagslegra þátta og stjórnarhátta sem eiga við um félagið hverju sinni og inniheldur jafnframt lykilmælikvarða og tímasett mælanleg markmið. Alþjóðlega viðurkennd viðmið Nasdaq um umhverfi, félagslega þætti og stjórnarhætti (UFS) eru lögð til grundvallar stefnunni.

Primex birtir árlegt sjálfbærniuppgjör og skýrslu sem byggir á þeim grunni sem þessi stefna setur fram.

Ábyrgð
Stjórn og framkvæmdastjórn Primex samþykkja stefnu þessa. Ábyrgðaraðili hennar er forstjóri félagsins og ber hann ábyrgð á innleiðingu stefnunnar í samstarfi við lykilstjórnendur. Stefna þessi og markmið eru endurskoðuð árlega, birt á heimasíðu félagsins og kynnt öllum stjórnendum og starfsfólki.

English (Translation)

Published: 24 January 2025

SUSTAINABILITY POLICY OF PRIMEX EHF.

Purpose
The purpose of this Sustainability Policy is to serve as a guide toward more sustainable operations at Primex ehf. (“the Company”).

The policy covers the most significant environmental and climate impacts, social aspects, and governance factors relevant to the Company, and includes key performance indicators and measurable, time-bound objectives. Internationally recognized Nasdaq ESG (Environmental, Social, and Governance) standards form the foundation of this policy.

Primex publishes an annual sustainability report and statement based on the framework established by this policy.

Responsibility
The Board of Directors and the Executive Management of Primex approve this policy. The CEO is responsible for its implementation, in collaboration with key managers. The policy and its objectives are reviewed annually, published on the Company’s website, and communicated to all managers and employees.

Umhverfismál

Primex er meðvitað um áhrif starfsemi sinnar á umhverfið og leitast við að lágmarka neikvæð áhrif félagsins eins og mögulegt er. Félagið hyggst gera það m.a. með því að:

- Stunda ábyrga auðlindanotkun í samræmi við lög um stjórn fiskveiða.
- Kortleggja og setja skýr markmið til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda (GHL).
- Draga úr kaupum á umbúðamiklum vörum, minnka losun á úrgangi og auka skilvirkni í flokkun endurvinnsluefna með mælanlegum hætti.
- Leita leiða til að lágmarka sóun.
- Styðja við hringrásarhagkerfið og auka endurnýtingarhlutfall.
- Kortleggja þær áhættur sem steðja að félaginu út frá loftslagsbreytingum og öðrum tengdum sjálfbærniþáttum.

Environmental Matters

Primex is aware of the impact of its operations on the environment and strives to minimize negative effects as much as possible. The Company intends to do so by, among other things:

- Practicing responsible resource utilization in accordance with fisheries management laws.
- Mapping and setting clear goals to reduce greenhouse gas (GHG) emissions.
- Reducing purchases of products with excessive packaging, minimizing waste emissions, and improving efficiency in recycling through measurable means.
- Seeking ways to minimize waste.
- Supporting the circular economy and increasing the reuse rate.
- Mapping climate and sustainability-related risks that may affect the Company.

Félagslegir þættir

Það er mikilvægt félaginu að vera eftirsóknarverður vinnustaður sem laðar að og heldur í hæft og traust starfsfólk. Er það metið sem hlutverk félagsins og stjórnenda þess að:

- Stuðla að jafnrétti á vinnustað.
- Styðja stjórnendur og starfsfólk til að tileinka sér málefnaleg og sanngjörn samskipti.
- Taka tillit til ólíkra sjónarmiða og leyfa hæfileikum hvers og eins að njóta sín.

Social Aspects

It is important to Primex to be an attractive workplace that attracts and retains skilled and reliable employees. It is considered the role of the Company and its management to:

- Promote equality in the workplace.
- Support managers and staff in developing fair and respectful communication.
- Respect diverse perspectives and allow individual talents to thrive.

- Líða ekki hvers kyns einelti, ofbeldi eða áreitni.

- Kappkosta að tryggja ánægju, öryggi og vellíðan starfsfólks með góðum aðbúnaði á vinnustað ásamt reglulegri fræðslu og þjálfun.

Þessu til stuðnings notast félagið við eftirfarandi vinnutól, reglur, stefnur og vottanir:

- Reglulega fara fram samtöl milli starfsfólks og yfirmanna, til að stuðla að auknu gegnsæi og bættum samskiptum.

- Boðið er upp á öryggis- og vinnuverndarnámskeið fyrir starfsmenn og virkar öryggisnefndir starfa til að tryggja öryggi allra starfsmanna, til sjós og lands.

Primex styður við og virðir vernd alþjóðlegra mannréttinda í samræmi við innlend lög sem og Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna í allri starfsemi félagsins. Félagið virðir Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og hafnar með öllu mannréttindabrotum svo sem nauðungar- og þrælkunarvinnu, þar með talin barnaþrælkun. Verði birgi, þjónustu- eða samstarfsaðili uppvís um brot á mannréttindum áskilur félagið sér rétt til að slíta viðskiptasambandi tafarlaust.

Stjórnarhættir

Félagið er meðvitað um þau áhrif sem það hefur á samfélagið allt í gegnum starfsemi sína og leggur mikla áherslu á að stunda heilbrigða viðskiptahætti í hvívetna. Viðskiptavinirnir skipta félagið höfuðmáli og allt kapp er lagt á að veita þeim framúrskarandi þjónustu. Primex leggur sömuleiðis metnað í að byggja upp traust samband við birgja og þjónustuaðila og metur að verðleikum hlutverk þeirra í virðiskeðjunni.

- Not tolerate bullying, violence, or harassment of any kind.

- Strive to ensure employee satisfaction, safety, and well-being through good working conditions, regular training, and education.

To support these efforts, the Company employs the following tools, policies, and certifications:

- Regular performance and feedback discussions are conducted between employees and supervisors to promote transparency and improved communication.

- Safety and occupational health training is provided to employees, and active safety committees work to ensure safety for all staff, both at sea and on land.

Primex supports and respects the protection of international human rights in accordance with national legislation and the United Nations Universal Declaration of Human Rights throughout all operations. The Company also respects the UN Convention on the Rights of the Child and strictly prohibits all human rights violations, including forced labor and child labor. Should a supplier, service provider, or partner be found in breach of human rights, the Company reserves the right to immediately terminate the business relationship.

Corporate Governance

The Company recognizes the impact it has on society through its operations and emphasizes sound and ethical business practices in all respects. Customers are of the utmost importance, and the Company strives to provide them with outstanding service. Primex also aims to build strong, trust-based relationships with suppliers and service providers, valuing their role in the value chain.

Primex er dótturfélag Ísfélags. Ísfélag er hlutafélag skráð í Kauphöll Íslands og fylgir viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja, sem eru gefnar út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq OMX Iceland hf., Samtökum atvinnulífsins og fer eftir alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS). Siðareglur Primexs ehf. gilda um alla starfsemi félagsins, allt starfsfólk sem og þá verktaka sem sinna verkefnum fyrir það.

Primex is a wholly owned company of Ísfélag, which is a publicly listed company on Nasdaq Iceland and adheres to recognized corporate governance guidelines issued by the Icelandic Chamber of Commerce, Nasdaq OMX Iceland hf., and the Confederation of Icelandic Enterprise, while following International Financial Reporting Standards (IFRS). The Company's Code of Conduct applies to all operations, employees, and contractors.

Með góðum stjórnarháttum leggur Primex grunn að traustum samskiptum við hagaðila og stuðlar að hlutlægni, heilindum, gegnsæi og ábyrgð í stjórnun. Helstu hagaðilar félagsins eru:

Through strong corporate governance, Primex establishes a foundation of trust with stakeholders and promotes objectivity, integrity, transparency, and accountability in management. The main stakeholders of the Company are:

- Hluthafar.
- Viðskiptavinir.
- Starfsfólk.
- Birgjar og þjónustuaðilar.
- Samfélagið í heild, sér í lagi nærsamfélög starfsstöðva félagsins.

- Shareholders.
- Customers.
- Employees.
- Suppliers and service providers.
- Society as a whole, particularly the local communities where the Company operates.

Aðrir helstu hagaðilar eru eftirlitsaðilar, löggjafarvald, fjárfestar, hagsmunahópar, fjölmiðlar og fjármálafyrirtæki.

Other key stakeholders include regulators, legislators, investors, interest groups, the media, and financial institutions.

Primex heldur utan um skuldbindingar sínar og miðlar upplýsingum um framvindu þeirra með árlegum skýrslum í ársreikningi og ársskýrslum sínum.

Primex monitors its commitments and communicates progress annually in its financial statements and annual reports.

Þannig samþykkt af stjórn félagsins þann 23. janúar 2025.

Approved by the Primex Board of Directors on 23 January 2025.